

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudaginn 9. september 2016



VINSTRI GRÆN

9. fundur stjórnar VG settur kl. 15.30 í Austurstræti 14.
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Elín Oddný Sigurðardóttir, Daníel Arnarsson, Álfrheiður Ingadóttir, Rósa Björk Brynjólfsson, Benóný Harðarson. Á Skype; Hrafnkell Lárusson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir. Fh. UVG Ragnar Auðun Árnason, fh. EVG Þóra Elfa Björnsson. Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri og Lís Kristjánsdóttir, aðstoðarmaður formanns sátu einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og Björg Evu falið að lagfæra athugasemdir.
2. Þrjú ráðherrar færeyksku landstjórnarinnar, þau Högni Höydal, sjávarútvegsráðherra, Kristína Háfoss, fjármálaráðherra og Siríð Stenberg, innanríkis og velferðarráðherra, heimsóttu fundinn og sögðu frá stöðu mála þar í landi.
3. Fjármál.
Ársreikningur er að verða tilbúin hjá endurskoðanda og næst að skila honum innan tilskilins frests. Framkvæmdastjóra veitt heimild til lántöku vegna kosningabaráttu. Mikilvægt að vera dugleg að safna styrkjum fyrir kosningabaráttu og hefja þá vinnu strax. Hreyfingin fær 100 stærstu fyrirtækin en kjördæmisráðin önnur fyrirtæki á sínu svæði.
4. Kosningaáherslur.
Vinna við kosningaáherslur eru á lokametrunum. Ítrekun hefur verið send til hópstjóra um að skila og senda til ritstjórnar. Drög að kosningaáherslum verða send á stjórn og tími gefin til athugasemda. Aukafundur verður boðaður í stjórn ef þörf krefur. Kosningaáherslur verða síðan kynntar á flokksráðsfundi.
5. Staðan í kjördæmunum.
Staðan í kjördæmum rædd. Listar tilbúnir í RS, RN og S og NA. Eftir er að klára lista í NV og SV. Fjárhagsstaða í kjördæmisráða mismunandi. Koma verður því skýrt á framfæri að hreyfingin mun ekki styrkja kjördæmisráðin eins og verið hefur fyrir undangengnar kosningar.
6. Flokksráðsfundur á Akureyri.
Fundurinn verður dagana 30. september og 1. október. Dagskrá er í vinnslu og skráning hefst innan skammst. Frestur til að skila inn ályktunum fyrir fundinn verður 23. september.
7. Ósk UVG um styrk í þeirra kosningabaráttu.
Framkvæmdastjórn falið að ræða við talsmann UVG um hvort hægt sé að styrkja kosningabaráttu UVG.

8. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.30.

Næsti fundur stjórnar boðaður föstudaginn 7. október kl. 15.00.